

Hæstaréttardómur.

Útgefandi: Hæstiréttur.

LXXVIII. árgangur.

4. hefti.

1998

Fimmtudaginn 17. september 1998.

Nr. 479/1997.

Karl Magnús Karlsson

(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)

gegn

Ágústu Sigmundsdóttur og

Tryggingamiðstöðinni hf.

(Guðmundur Pétursson hrl.)

Bifreiðir. Vátrygging. Fyrning.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómurarnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 27. nóvember 1997 og krefst þess, að „viðurkenndur sé réttur hans til skaðabóta/lífeyris úr hendi stefndu in solidum“ auk nánar tilgreindra ársvaxta og dráttarvaxta samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987. Einnig krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast stefndu, að sök verði skipt og málskostnaður felldur niður.

Fyrir Hæstarétti tekur áfrýjandi fram, að í stefnu í héraði hafi misritast, að kröfur hans miðist við, að hann hafi verið slysatryggður úr hjá stefnda Tryggingamiðstöðinni hf.

Ljóst er, að krafa áfrýjanda á hendur stefndu, Ágústu Sigmundsdóttur, er reist á bótareglum VI. kafla áðurgildandi umferðarlaga nr. 40/1968 og að almennar reglur um ákvörðun skaðabóta fyrir líkamstjón áttu við um bætur samkvæmt þeim. Skaðabætur fyrir varanlega örorku eftir síðastgreindum reglum hafa hér á landi ætíð

verið ákveðnar í formi eingreiðslu, en ekki sem lífeyrir. Þegar af þeirri ástæðu er ekki hald í þeirri málsástæðu áfrýjanda, að 2. tölul. 2. gr. laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda taki til skaðabótakröfu hans.

Áfrýjandi varð fyrir slysi því, sem málið er risið af, 5. febrúar 1984. Hann hafði ekki uppi bótakröfur vegna slyssins fyrr en í desember 1996 og höfðaði málið með birtingu stefnu 13. febrúar 1997. Samkvæmt fortakslausu orðalagi lokamálsliðar 78. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 með áorðnum breytingum, sem á við í lögskiptum málsaðila, fynast allar kröfur á hendur hinum bótaskylda og váttryggingarfélagi í síðasta lagi á 10 árum frá því, að tjónsatburður varð. Verður héraðsdómur því staðfestur.

Eftir atvikum þykir mega fella niður málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Héraðsdómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 24. október 1997.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. október sl., var höfðað með stefnu, áritaðri um birtingu 13. febrúar sl.

Stefnandi er Karl Magnús Karlsson, kt. 200470-5679, Starengi 12, Reykjavík.

Stefndu eru Ágústa Sigmundsdóttir, kt. 110858-6639, Mánabraut 11, Akranesi, og Tryggingamiðstöðin hf., kt. 660269-2079, Aðalstræti 6–8, Reykjavík.

Dómkrafa stefnanda.

Stefnandi krefst þess, að viðurkenndur verði réttur sinn til skaðabóta/lífeyris úr hendi stefndu in solidum ásamt vöxtum skv. 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum frá 18. febrúar 1993 til 6. janúar 1997, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefndu, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun samkvæmt lögum nr. 50/1988 með síðari breytingum, þar sem stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur, en þurfi að greiða virðisaukaskatt af veittri lögmannsþjónustu.

Stefnandi fékk gjafsókn í máli þessu með leyfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 12. maí 1997.

Dómkröfur stefndu.

Stefndu krefjast aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að mati dómsins, en til vara, að sök verði skipt og málskostnaður felldur niður.

Málavextir.

5. febrúar 1984 var stefnandi, sem þá var á fjórtánda ári, á hestbaki og kom ríðandi úr suðri að Bústaðavegi í Reykjavík. Rétt vestan Stjórnugrófar varð stefnandi fyrir bifreiðinni Ö-5858, eign stefnda, Ágústu Sigmundsdóttur. Bifreiðin var tryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá stefnda, Tryggingamiðstöðinni hf. Samkvæmt því, sem fram kemur í lögregluskýrslu, voru, þá er slysið varð, snjóruðningar beggja vegna götunnar. Vitnum virtist stefnandi ekki ráða við hestinn, og stökk hesturinn út á götuna, og stefnandi féll af baki. Í sömu mund bar að bifreiðina Ö-5858, og lenti stefnandi fyrir henni.

Samkvæmt vottorði Kristins Guðmundssonar, læknis á Borgarspítalanum, dags. 28. mars 1984, hlaut stefnandi alvarlegt höfuðkúpubrot og heilaáverka. Í vottorði sama læknis, dags. 2. október 1984, segir svo:

„Karl kom í eftirlit 1. 10. 1984. Hann virtist vera alveg einkenna- og óþægindalaus orðinn, og við skoðun var ekkert sérstakt athugavert að finna fyrir utan ör ofarlega á enni hægra megin og aflanga dæld í beininu þar undir. Þessi dæld mun væntanlega fyllast af beini að nokkru með tímanum, en sennilega verður alltaf einhver dæld eftir. Að öðru leyti virðist sjúklingur hafa jafnað sig vel eftir áverkann.“

Pegar frá leið, taldi stefnandi sig hafa náð sér að fullu vegna afleiðinga slyssins þar til á árinu 1995 og 1996, er hann mun hafa fengið krampakast í svefni. Hinn 25. okt. 1996 fékk stefnandi krampakast undir stýri, froða sást í munnvikum, og hann mun hafa verið illa „áttaður“ fyrst á eftir. Hinn 5. nóvember 1996 fékk stefnandi krampakast, þar sem hann var staddur heima í eldhúsi sínu. Hann datt niður, fékk krampa, froðufelldi, brenndi sig nokkuð á hægri handlegg og beit sig í vör.

Tölvusneiðmyndarrannsókn af höfði var gerð 28. okt. 1996 og heilarit 7. nóv. 1996. Í álit Einaris M. Valdimarssonar, sérfræðings í taugasjúkdómum, dags. 17. des. 1996, segir svo:

„Um er að ræða 26 ára mann, sem varð fyrir alvarlegum heilaáverka í febrúar 1984. Hann virtist hafa náð sér vel eftir þennan áverka. Það gerist síðan í ágúst 1995, að hann fær flogakast í svefni og annað í mars 1996. Í október fékk hann flogakast undir stýri í bifreið sinni og fjórða kastið 5. 11. sl. í eldhúsinu heima hjá sér, og var eiginkona vitni að því kasti.

Nýleg tölvusneiðmyndarrannsókn af höfði sýnir skemmd í heila framanverðum hægra megin, sem er afleiðing áverkans 1984. Heilarit sýnir floga-

virgni yfir heilaskaðanum. Hér er um að ræða flogaveiki eftir höfuðáverka (posttraumatisk epilepsi).

Karl hefur nú verið settur á viðeigandi lyfjameðferð. Honum hefur verið ráðið frá að aka bifreið og stjórna vélknúnum vinnuvélum eða vinnutækjum um ótiltekinn tíma.

Ekki er unnt á þessu stigi að segja nákvæmlega til um líkur Karls á fleiri flogaköstum. Rannsóknir hafa bent til, að fjórðungur þeirra, sem fengið hafa „posttraumatisk“ flogaköst, hafi góðar horfur og geti haldist án kasta, en þriðjungur hafi slæmar horfur og fái síendurtekin köst þrátt fyrir lyfjameðferð. Nærri gæti látið, að Karl hafi 40–50% líkur á fleiri köstum næstu tvö ár þrátt fyrir lyfjameðferð. Ef hann hins vegar sleppur við köst næstu tvö ár, eru góðar líkur á, að hann haldist krampalaus árin þar á eftir. Að tveimur árum liðnum verður hægt að segja til um langtímahorfur af meiri nákvæmni en nú.“

Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.

Stefnandi vísar til þess, að eigandi bifreiðarinnar Ö-5858 hafi keypt lögboðna ábyrgðartryggingu skv. 70. gr. þágildandi umferðarlaga með síðari breytingum hjá stefnda Tryggingamiðstöðinni hf., og sé því málsókn þessari beint að því félagi, sbr. 2. mgr. 74. gr. laga nr. 50/1968 með síðari breytingum.

Eins og ljóst sé af gögnum málsins, hafi hinar alvarlegu afleiðingar bifreiðarslyssins, sem stefnandi varð fyrir 5. febrúar 1984, ekki komið fram fyrr en 26. október 1996, sbr. greinargerð Einars M. Valdimarssonar læknis, dags. 17. des. 1996. Greinargerð þessi hafi borist 3. janúar 1997 og verið framsend stefnda, Tryggingamiðstöðinni hf., sama dag. Stefndi, Tryggingamiðstöðin hf., hafi með bréfi, dags. 6. janúar 1997, hafnað öllum kröfum stefnanda sem fyrndum.

Stefnandi telur kröfur sínar ekki fyrndar og reisir rétt sinn um það á niðurlagsákvæði 29. gr. laga nr. 20/1954, þar sem segi, að ákvæði 4. mgr. 2. gr. laga nr. 14/1905 skuli halda gildi sínu. Stefnandi telur kröfur sínar falla undir síðastnefnda lagagrein, þar sem segi, að krafa um lífeyri og aðrar slíkar kröfur, sem fólgnar séu í rétti til þess með vissu millibili að krefjast fjárfamlags, er ekki geti talist afborgun af skuld, fyrnist á 20 árum.

Stefnandi hafi verið slysatryggður hjá stefnda, Tryggingamiðstöðinni hf., er hann varð fyrir slysinu 5. febrúar 1984. Samkvæmt almennum skilmálum tryggingafélaga, sem í gildi voru, er tjónsatburðurinn varð, hafi verið kveðið svo á, að tryggingafélag skuli bæta tjón sem þetta og fara skuli eftir almennum reglum skaðabótaréttar við ákvörðun bóta. Þessar bætur fyrir varanlega örorku séu í eðli sínu samanþjappaður lífeyrir, sem hægt hafi verið að semja um greiðslumáta á fyrir gildistöku skaðabótalaga nr. 50/1993.

Stefnandi styður kröfur sínar við almennu skaðabótaregluna svo og tryggingaskilmála hins stefnda tryggingafélags.

Málskostnaðarkrafa stefnanda er rökstudd með vísan til 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Krafa um dráttarvexti er rökstudd með vísan til III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum. Krafa um virðisaukaskatt er reist á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt með síðari breytingum.

Stefndi, Tryggingamiðstöðin hf., hafi hafnað bótaskyldu sinni og beri fyrir sig fyrningu. Þar sem á þessu stigi sé eigi unnt að sannreyna fjárhæð tjóns í máli þessu, sé málið höfðað sem viðurkenningarmál til þess að slíta fyrningu.

Málsástæður og rökstuðningur stefndu.

Sýknukrafa stefndu er á því reist, að málið sé fyrnt. Stefnandi hafi slasast 5. febrúar 1984. Stefnandi telji rétt sinn til bóta vegna líkamstjóns þess, er hann varð fyrir umrætt sinn, styðjast við 69., sbr. 67. gr. og 70. gr. umferðarlaga nr. 50/1968.

Samkvæmt 78. gr. sömu laga fyrnist kröfur eftir lögnum í síðasta lagi á 10 árum frá tjónsatburði. Orðalag greinarinnar sé fortakslaut að þessu leyti, og telji stefndu vafalaust, að það eigi við kröfur stefnanda, sem hafi því fyrnst í síðasta lagi 5. febrúar 1994. Beri því að sýkna stefndu.

Sjónarmiðum stefnanda um það, að krafa sú, er hér um ræðir, geti talist lífeyrir í skilningi 4. mgr. 2. gr. laga nr. 14/1905, er mótmælt. Eins og fram komi í ákvæðinu, eigi það við um lífeyri eða aðrar slíkar kröfur, sem fólgnar séu í rétti til þess með vissu millibili að krefjast fjárframlags, er ekki geti talist afborgun af skuld. Ljóst sé, að hugsanlegar kröfur stefnanda í máli þessu falli ekki undir þessa skilgreiningu og geti alls ekki talist lífeyrir í skilningi þess ákvæðis. Áratugadómvenja sé fyrir því, að bætur vegna líkamstjóns á Íslandi séu ákveðnar í einu lagi, og kannist stefndu ekki við, að annar háttur sé þar hafður á.

Þá verði ekki á þá skoðun stefnanda fallist, að hann hafi verið slysa-tryggður hjá stefnda, Tryggingamiðstöðinni hf., þegar slysið varð. Það hafi hann auðvitað ekki verið, enda krefjist hann bóta úr lögboðinni ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar Ö-5858, sem stefnda, Ágústa Sigmundsdóttir, hafði keypt hjá stefnda, Tryggingamiðstöðinni hf.

Eins og málið er lagt fyrir af hálfu stefnanda, snúist það um viðurkenningu á rétti hans til skaðabóta/lífeyris úr hendi stefndu vegna þeirra meiðsla, er hann hlaut 5. febrúar 1984, en tölulegar kröfur liggja ekki fyrir.

Fari svo, að niðurstaða dómsins verði stefnanda í hag, er af hálfu stefndu gerður sá áskilnaður að koma á framfæri athugasemdum við tölulega þáttinn, þegar hann liggur fyrir. Ábyrgð stefnda, Tryggingamiðstöðvarinnar hf., hljóti að takmarkast af þeim váttryggingarfjárhæðum, er voru í gildi, þegar

vátryggingaratburðurinn gerðist. Auk þess leggja stefndu áherslu á, að hér beri að skipta sök meðal annars með vísan til 3. mgr. 67. gr. laga nr. 50/1968, enda hafi stefnandi sýnt af sér verulega óvarkárni, þar sem hann var á hesti, sem hann hafi illa ráðið við, inni í miðju íbúðahverfi og við mikla umferðargötu, eins og Bústaðavegurinn hafi verið og sé enn.

Vaxtakröfu er mótmælt og bent á, að hvernig sem á allt sé litið, fyrnist vextir á fjórum árum, sbr. 2. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905. Dráttarvaxtakröfu er að sama skapi mótmælt, þar sem það standist ekki að kveða upp úr um ákvörðun dráttarvaxta vegna krafna, sem enginn viti, hve miklar verði, og því sé skilyrðum vaxtalaga um dráttarvexti ekki fullnægt, sbr. 15. gr. laga nr. 25/1987.

Forsendur og niðurstaða.

Ekki verður á þá skoðun stefnanda fallist, að stefnandi hafi verið slysa-tryggður hjá stefnda, Tryggingamiðstöðinni hf., enda hefur sú skoðun hvorki verið rökstudd né studd gögnum.

Skilja verður málatilbúnað stefnanda á þann veg, að hann miði kröfur sínar á hendur stefndu við VI. kafla þágildandi umferðarlaga nr. 40/1968. Er óumdeilt, að bifreið stefndu, Ágústu Sigmundsdóttur, Ö-5858, hafi verið tryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá stefnda, Tryggingamiðstöðinni hf. Samkvæmt 78. gr. laga nr. 40/1968 in fine fyrnast kröfur samkvæmt þessum kafla þágildandi umferðarlaga í síðasta lagi á tíu árum, frá því að tjónsatburður varð. Sams konar fyrningarregra er í núgildandi umferðarlögum nr. 50/1987, 99. gr. in fine, þ. e., að upphaf tíu ára fyrningarfrests er við tjónsatburð, en ekki þá er tjónþoli mátti fyrst gera sér grein fyrir tjóni sínu.

Af hálfu stefnanda hefur ekki verið sýnt fram á nein dæmi þess, að um bætur fyrir líkamstjón vegna umferðarslyss hafi verið samið á þann veg, að bæturnar skyldu greiddar með vissu millibili sem lífeyrir.

Kröfu stefnanda á hendur stefndu verður ekki jafnað til kröfu um lífeyri eða annarrar slíkrar kröfu, sem fólgin er í rétti til þess með vissu millibili að krefjast fjárframlaga, er ekki geta talist afborgun af skuld, sbr. 4. mgr. 2. gr. laga nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda.

Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, ber að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt að fella málskostnað niður.

Málskostnaður stefnanda, sem fékk gjafsókn í máli þessu, ákveðst 100.000 kr. og greiðist úr ríkissjóði. Við ákvörðun málskostnaðar hefur verið litið til virðisaukaskattskyldu lögmannsþóknunar.

Auður Þorbergsdóttir héraðsdómari kveður upp dóminn.

2779

D ó m s o r ð:

Stefndu, Ágústa Sigmundsdóttir og Tryggingamiðstöðin hf., skulu vera sýkn af kröfum stefnanda, Karls Magnúsar Karlssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, 100.000 kr., greiðist úr ríkissjóði.
